

Ár 2013, fimmtudaginn 18. júlí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson í forföllum Unnar Þormóðsdóttur og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

## 1. Bréf sem borist hafa frá:

### 1.1. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, frá 3. júlí 2013.

Í bréfinu er kynnt áætlað uppgjör framlaga til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna fasteignaskatts á árinu 2013. Framlag Hveragerðisbæjar verður skv. því 38.482.233,- eða 4,3 mkr herra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Lagt fram til kynningar.

### 1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 10. júlí 2013.

Í bréfinu er kynnt sérstakt átaksverkefni í búsetu- og stjórnsýslumálum hælisleitenda.

Lagt fram til kynningar.

### 1.3. Skipulagsstofnun frá 9. júlí 2013.

Í bréfinu kynnir Skipulagsstofnun að fara megi með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017, Hverahvammur, Hverhamar sem óverulega skv. 2. mgr. 36.gr. skipulagslaga.

Í ljósi niðurstöðu Skipulagsstofnunar staðfestir bæjarráð breytinguna og verður hún nú auglýst í Stjórnartíðindum.

### 1.4. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 6. júní 2013

Í bréfinu er kynnt fyrirhuguð námsferð SSSFS til Skotlands 3.-5. september nk.

Samþykkt að bæjarstjóri og skrifstofustjóri taki þátt í ferðinni.

### 1.5. Sorpstöð Suðurlands frá 1. júlí 2013

Í bréfinu er vakin athygli á kynningarfundum sem halda á þann 21. ágúst n.k. um mögulegt framtíðarstarf SOS og Sorpu.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Sýslumanninum á Selfossi frá 8. júlí 2013**

Í bréfinu er tilkynnt um þinglýsingarmistök skv. 1. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 v/lóðarinnar Austurmörk 24 í Hveragerði, fnr. 234-3221

Skjalið hefur verið fært úr lausafjárnabók yfir í fasteignabók.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Sýslumanninum á Selfossi frá 8. júlí 2013**

Í bréfinu er tilkynnt um þinglýsingarmistök skv. 1. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 v/fasteignanna Sunnumörk 1, fnr. 179178, Sunnumörk 3, fnr. 171207, og á byggingarrétt skv. samningi við Hveragerðisbæ dags. 24.10.2005.

Umrædd skjöl voru ranglega færð í lausafjárnabók og hafa verið fjarlægð úr þinglýsingabók.

Lagt fram til kynningar.

1.8. **Berglini Sigurðardóttur frá 12. júlí 2013**

Í bréfinu er óskað eftir styrk v/mastersverkefni þar sem fyrirhugað er að meta gæði svæða í miðbæ Hveragerðis.

Bæjarráði lýst vel á umrætt verkefni og telur að það geti orðið liður í hugmyndavinnu v. skipulags miðbæjar Hveragerðis. Bæjarstjóra er falið að ræða við bréfitara um aðkomu bæjarins að þessari vinnu.

2. **Félagsleg/frístunda málefni:**

2.1. **Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 16. júlí 2013**

Í minnisblaðinu óskar menningar- og frístundafulltrúi eftir að ráðinn verði frístundafulltrúi í hlutastarf sem myndi hafa umsjón með starfsemi Félgasmiðstöðvarinnar Skjálftaskjól og vera tengill við ungmennaráð Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar.

3. **Tæknileg málefni:**

3.1. **Erindi frá atvinnuráðgjöfum SASS ódagsett.**

Í skjalinu er færður fram rökstuðningur fyrir því að sveitarfélög á Suðurlandi hafi skýra afstöðu um sitt hlutverk í efnahags- og atvinnuþróun síns svæðis, stefnu í samræmi við hana og framkvæmdir.

Bæjarráð fagnar þeirri metnaðarfullu vinnu sem atvinnuráðgjafar eru að hefja og lýsir yfir fullum vilja Hveragerðisbæjar til þátttöku í verkefninu.

**3.2. Sýslumanninum á Selfossi frá 12. júlí 2013**

Í bréfinu óskar Sýslumaðurinn á Selfossi eftir að Hveragerðisbær láti embættinu í té umsögn vegna umsóknar Sigfríðar Sigurgeirsdóttur, kt. 100458-3579, þar sem hún sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki I (heimagisting) í samræmi við lög nr. 85/2007 í Varmi – Guesthouse, Varmahlíð 15, 810 Hveragerði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að leyfinu verði úthlutað.

**3.3. Héraðsdómi Suðurlands frá 8. júlí 2013.**

Lögð fram málsskjöl vegna óska ábúenda á Friðarstöðum um að fram fari skoðun og mat á því tjóni sem ábúendur telja að þau hafi orðið fyrir vegna afgreiðslu erinda þeirra hjá Hveragerðisbæ.

Lagt fram til kynningar.

**4. Fundargerðir:**

**4.1. Skipulags- og byggingarnefndar frá 2. júlí 2013.**

Nr. 1. Árhólmar í Ölfusdal, deiliskipulag- jarðvegsrannsóknir. Bæjarráð samþykkir að fela Landform ehf, að gera lýsingu á skipulagsverkefninu.

Nr. 3. Varmahlíð 15, breytt notkun, heimagisting. Bæjarráð samþykkir umrædda breytingu.

Nr. 4. Laufskógar 23, breytt notkun viðbyggingar. Bæjarráð samþykkir umrædda breytingu.

Nr. 5. Breiðamörk 17, viðbygging, svaladyr, verönd. Bæjarráð samþykkir að viðbygging fari í grenndarkynningu í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ennfremur samþykkir bæjarráð breytingu á verönd og rennihurð.

Nr. 6. Hverahlíð 18, umsókn um stækkun kirkjulóðar. Bæjarráð samþykkir að fela landslagsarkitekt að gera tillögu að skipulagi svæðisins.

Fundargerðin samþykkt.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)